

**Sp. 726. Tillaga til þingsályktunar [384. mál]**

um stefnu Íslendinga gagnvart Evrópubandalaginu.

Flm.: Kjartan Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að skipa nefnd sjö alþingismanna eftir tilnefningu þingflokka til þess að taka til sérstakrar athugunar þá þróun sem fyrir dyrum stendur í Evrópu, einkanlega með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað.

Nefndin skal kanna áhrif þessara ákvarðana og líklegrar þróunar í Evrópu á íslenskt efnahagslíf og meta þær leiðir sem álitlegastar eru til þess að laga íslenskt efnahags- og atvinnulíf að þeim breytingum sem fram undan eru. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við samtök atvinnulífsins. Nefndin skili skýrslu um athuganir sínar og tillögur fyrir árslok 1988.

**Greinargerð.**

Sú þróun, sem nú á sér stað í Evrópu með tilliti til ákvörðunar Evrópubandalagsins um sameiginlegan innri markað 1992, varðar mjög hagsmuni Íslands. Fram undan er að taka ákvarðanir um með hvaða hætti Ísland lagar sig að þessum nýju aðstæðum. Mikilvægt er að almenn umræða fari fram um þessa þróun og stöðu Íslands í því sambandi. Slík umræða þarf að vera á traustum grunni. Þeirri nefnd, sem hér er lagt til að skipuð verði, er ætlað að stuðla að því.

Um það mun almenn samstaða að aðild Íslands að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá að sinni og kemur þar margt til sem ekki verður rakið hér. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að tryggja hagsmuni Íslands gagnvart bandalaginu sem best.

Í þessu sambandi er vert að benda á mikilvægi eftirtalinna atriða:

1. Kappkostað verði að fylgjast vel með þeim ákvörðunum sem fram undan eru hjá Evrópubandalaginu og að koma jafnharðan sjónarmiðum Íslands á framfæri. Því verður að halda áfram viðræðum við bandalagið um samskipti og samstarf þar sem sérstaða Íslands verði kynnt sérstaklega jafnframt því sem leitað verði eftir samstarfi á völdum sviðum.
2. Aðild Íslands að EFTA verði nýtt til hins ýtrasta til þess að tryggja hagsmuni Íslands í samningaumleitunum og viðræðum milli EFTA og EB um afnám viðskiptahindrana. Ísland þarf að hvetja til þess að EFTA verði eftt og stutt til þess að sinna þessum verkefnum.
3. Aukið verði samstarf ráðuneyta til þess að tryggja örugga miðlun upplýsinga og samræmi í ákvörðunum um Evrópumálin. Jafnframt verði komið á reglulegu samráði við samtök atvinnulífsins um þessi málefni.

4. Gerð verði sérstök athugun á því hvernig íslensk hagstjórn verði löguð að hinum nýju aðstæðum og færð til betra samræmis við það sem gerist í helstu samskipta- og viðskiptalöndum Íslendinga með það að markmiði að auka hagvöxt og stuðla að auknum stöðugleika í íslensku efnahagslífi.

Aðrar EFTA-þjóðir, eins og Noregur, Svíþjóð og Sviss, hafa látið vinna skýrslur um þróun Evrópubandalagsins, viðhorf sín og stefnumörkun í því sambandi. Slíkar skýrslur skýra málin og eru undirstaða frekari umfjöllunar um málið. Eðlilegt er að Alþingi Íslendinga hafi frumkvæði að sams konar álitagerð að því er varðar stöðu Íslands. Alþingi þarf að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir þessi mál og nauðsynlegt er að þingmenn verði virkir þátttakendur í mati á aðstæðum og stefnumörkun. Þessari tillögu er ætlað að tryggja að svo verði.